



Til menntaráðs

Kópavogi, 29. apríl 2026
26041870/202.00 ABS

Efni: Tillaga að svari menntaráðs við erindi frá skólaráði Snælandsskóla varðandi viðhald og framkvæmdir við húsnæði skólans.

Menntaráð þakkar skólaráði og skólastjóra Snælandsskóla fyrir erindið. Erindið var tekið til umræðu á fundum menntaráðs 21. apríl og 5. maí.

Í tengslum við umfjöllunina hefur menntaráð aflað gagna og upplýsinga frá menntasviði og umhverfissviði um viðhald og húsnæðismál Snælandsskóla.

Samkvæmt upplýsingum frá umhverfissviði hefur verulegum fjármunum verið varið í viðhald skólans á undanförunum árum. Snælandsskóli er orðinn 52 ára og ljóst er að þörf er á áframhaldandi og umfangsmiklu viðhaldi á næstu árum.

Umhverfissvið Kópavogsbæjar hefur kallað eftir upplýsingum frá stjórnendum og húsumsjónarmönnum Snælandsskóla um viðhaldspörf skólans fyrir árið 2026. Í samráði við stjórnendur verður unnin áætlun um forgangsröðun viðhaldsverkefna til næstu 2-3 ára.

Gert er ráð fyrir að þau viðhaldsverkefni sem ráðist verður í á komandi sumri í Snælandsskóla endurspegla þær áherslur sem skólaráð og skólastjórnendur gera grein fyrir í erindinu. Umhverfissvið vinnur að viðhaldsáætlun sem kynnt verður fyrir skólaráði í maí.

Jafnframt hefur verið tekin ákvörðun um framkvæmdir í húsnæði skólans sem miða að því að bæta aðstöðu og auka kennslurými vegna fjölgunar nemenda. Þessar breytingar eru unnar í samræmi við tillögur skólastjórnenda. Drög að teikningum liggja nú þegar fyrir og hafa þær verið kynntar fyrir skólastjórnendum.

Þegar endanleg áætlun og forgangsröðun viðhaldsverkefna liggur fyrir munu sviðsstjórar menntasviðs og umhverfissviðs funda með skólaráði til upplýsinga og samráðs.

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri menntasviðs

Ásthildur Helgadóttir
Sviðsstjóri umhverfissviðs

